



Langesbyggð
Arnar Birgir Ólafsson
Fjarðarvegi 3
680 ÞÓRSHÖFN

Garðabær, 28.2.2025

Málsnúmer: 202502-0014/-0015

IAS

Efni: Tunguvirkjun í Pistilfirði. Breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag.

Vísað er í erindi frá Langesbyggð, dagsett 6. febrúar 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um breytingu á deiliskipulagi og nýtt deiliskipulag.

„Tunguárvirkjun ehf. hefur áform um að reisa vatnsaflsvirkjun í Tunguá í Pistilfirði með áætlað uppsett afl 2,1 MW og árlega orkuframleiðslu upp á 12 GWst. Virkjunin verður tengd við dreifikerfi Rarik. Frumúttekt valkosta smávirkjana í Þingeyjarsýslu, á vegum Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, leiddi í ljósa að Tunguárvirkjun var metin álitlegasti virkjunarkosturinn út frá aðstæðum til mannvirkjagerðar og líklegum umhverfisáhrifum. Í úttektinni kom fram að aðstæður til mannvirkjagerðar og tengingar voru taldar góðar, rennliseiginleikar mjög góðir og líkleg umhverfisáhrif talin lítil.“

Náttúrufræðistofnun bendir á að fyrirhuguð virkjun er á nánast óröskuðu landi þar sem er votlendi með mjög hátt verndargildi og nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013) og skal forðast að raska því nema brýna nauðsyn beri til. Þá eru á svæðinu fossar sem njóta verndar samkvæmt sömu lögum og svæðið er rétt sunnan við Melrakkaslétu, sem Náttúrufræðistofnun tilnefndi á B-hluta Náttúruminjaskrár.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur